




Oyster Perpetual 36

Oyster, 36 mm, Oystersteel stál

Oyster Perpetual 36
með *lavender* skífu og
Oyster keðju.



LAVENDER SKÍFA

Verkkunnátta og hátækni fara saman

Litirnir sem voru búnir til fyrir Oyster Perpetual úrin byrja sem lakkmálning sem verður að bera nákvæmlega á í umhverfi með stýrðu andrúmslofti til að forðast ryk og önnur mengandi efni.

Lag eftir lag af lakkmálningu er borið á látúnsplötu skífunnar, alls sex lög, til að búa til jafnt og einsleitt yfirborð. Síðasta skrefið er yfirborðslökkun og þússun til að ná fram fullum ljóma og dýpt litarins. Áletranirnar eru síðan stimplaðar á og

klukkustundavísarnir og trekkjarinn eru festir á með höndunum. Skínandi og fullkomin skífan er nú tilbúin til að fara ofan á gangverkið við samsetningu úrsins.




OYSTERSTEEL

Afar þolið gegn ryði

Rolex notar Oystersteel í kössum stálúra sinna. Oystersteel er sérstaklega þróað af vörumerkinu og tilheyrir 904L stálfjölskyldunni, málmblöndum sem oftast eru notaðar í hátækni- og í geim- og efnaiðnaði þar sem hámarkspól gegn tæringu er nauðsynlegt.

Oystersteel er með mikið þol, býður upp á framúrskarandi áferð eftir slípun og viðheldur fegurð sinni jafnvel í erfiðustu umhverfum.



OYSTER KEÐJAN

Fullkomin samsetning forms og virkni

Oyster keðjan er fullkomin samsetning forms og virkni, fagurfræði og tækni.

Þessi sterka og þægilega málmkeðja var sett á markað á síðari hluta 4. áratugar síðustu aldar og er með breiða, flata hlekki í þremur hlutum og er alhliða keðja í vörulínu Oyster. Hjá Oyster Perpetual módelum er Oyster keðjan með Oysterclasp.



3230 GANGVERK

Einstök frammistaða

Oyster Perpetual 36 er með verkgerð 3230 sem er gangverk sem er þróað og framleitt eingöngu af Rolex og kynnt af fyrirtækinu árið 2020.

Úrið jafnast á það besta sem er að gerast í úrsmíði. Þetta nýja sjálftrekkjandi gangverk býður upp á gríðarlegan ávinning hvað varðar nákvæmni, hleðsluforða, þol gegn höggum og segulsviðum, þægindi og áreiðanleika. Verkgerð 3230 er með Chronergy akkeri sem er skráð undir einkaleyfi og blandar saman mikilli orkunýtni og framúrskarandi áreiðanleika.

Meira tæknileg ítaratriði

Oyster Perpetual

Tilvísunarnúmer 126000

Úrkassi módels

Gerð

Oyster, 36 mm, Oystersteel stál

Þvermál

36 mm

Efni

Oystersteel stál

Hringur

Kúptur

Oyster hönnun

Monobloc miðkassi, skrúfuð bakhlið kassa og trekkjari

Trekkjari

Skrúfuð niður, Twinlock tvöfalt vatnsvarnarkerfi

Gler

Safír með rispuvörn

Vatnspéttni

Vatnshelt við 100 metra / 330 fet

Gangverk

Gerð

Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

Verkgerð

3230, framleiðandi Rolex

Nákvæmni

-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

Sveiflugjafi

Meðseglandi blá Parachrom óróafjöður. Hágæða Paraflex höggdeyfar

Trekkja

Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

Hleðsluforði

U.þ.b. 70 klukkustundir

Armband

Gerð

Oyster, þriggja hluta gegnheilir hlekkir

Lás

Oysterclasp sem leggst saman með 5 mm þægilegum Easylink hlekk til lengingar

Efni í armbandi

Oystersteel stál

Skífa

Gerð

Lavender

Ítaratriði

Læsilegur Chromalight lýsing með langvarandi bláum ljóma

Vottun

Gerð

Superlative Chronometer (COSC + Rolex vottun eftir umgjörð)

Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki,
þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir
og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita
nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex
áskilur sér réttinn til að breyta
módelunum sem eru sýnd á
vefsvæðinu.

